

FUNDARGERÐ

Árið 2016, föstudaginn 22. janúar kl. 11:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Tómhúsi á 4. hæð í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Elínu Gunnarsdóttur, sem ritaði fundargerð.

Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri sat einnig fundinn undir liðnum önnur mál.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir 9. og 29. nóvember

Lagðar fram fundargerðir frá 9. og 29. nóvember 2015 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerðirnar samþykktar án athugasemda og undirritaðar.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2016

Gerð var grein fyrir helstu breytingum sem orðið hafa frá fyrri drögum greiðslu- og rekstraráætlunar 2016 hvað tekju- og gjaldaliði varðar, að teknu tilliti til niðurstöðu fjárlaga 2016.

Nefndin samþykkti drögin um greiðslu- og rekstraráætlun 2016.

3. Sameining sveitarfélaga

Lögð var fram greiðslubeiðni frá Húnavatnshreppi skjalfærð 23.10.2015 vegna framkvæmda við Húnavallaskóla og sundlaug, ásamt minnisblaði þar að lútandi. Óskað er eftir fjárhagslegri aðkomu sjóðsins að stofnkostnaði til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga á grundvelli b liðar 3. gr. reglna nr. 295/2003.

Nefndin ákvað að bíða með afgreiðslu málsins þar til ítarlegri upplýsingar um framkvæmdir bærust sjóðnum. Óskað hefur verið eftir greinargerð frá sveitarfélaginu þar sem fram kemur lýsing framkvæmdanna, framkvæmdatími, áætlaður kostnaður og nánari skilgreining á framkvæmdum þeim sem annars vegar teljast falla undir eðlilegt viðhald en hins vegar undir gagngerar endurbætur.

4. Framlög vegna fjárhagserfiðleika

Lagt var fram bréf Reykjanesbæjar dags. 23. desember 2015 vegna fjárhagslegrar úttektar á rekstri sveitarfélagsins, ásamt minnisblaði þar að lútandi. Sótt er um rúmar 7,3 m.kr. vegna eftirstöðva við fjárhagslega úttekt sveitarfélagsins árið 2014 en það kæmi til viðbótar framlagi að fjárhæð 11 m.kr. sem Jöfnunarsjóður hefur þegar greitt sveitarfélaginu sbr. heimild í b. lið 7. gr. reglugerða nr. 295/2003 vegna sömu úttektar. Að auki sækir sveitarfélagið um rúmar 61,5 m.kr. í viðbótarframlag vegna áfallins kostnaðar sem sveitarfélagið hefur orðið fyrir er það fékk nýja aðila til að koma að fjárhagslegri endurskipulagningu í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið gerir ráð fyrir að sá kostnaður verði hærri þegar upp er staðið.

Nefndin ákvað að fresta afgreiðslu málsins og óska eftir skriflegu mati Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga á beiðni sveitarfélagsins fyrir næsta fund nefndarinnar.

5. Vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum árið 2015

Lagt var fram bréf Bændasamtaka Íslands dags. 12. janúar 2016 vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði til vatnsveitna á lögbýlum árið 2015, ásamt minnisblaði þar að lútandi.

Nefndin samþykkti umbeðna kostnaðarþátttöku í verkefninu skv. 2. gr. reglugerðar nr. 973/2000. Jafnframt samþykkti nefndin að greiða framlag á grundvelli heimildarákvæðis í 5. mgr. 3. gr. vegna framkvæmda sem ráðast þurfti tafarlaust í auk umsýslukostnaðar á árinu 2015. Samþykkt tillaga um framlag til Bændasamtaka Íslands nemur því alls 21.781.2129 kr.

Lagt var fram minnisblað dags. 21. janúar 2016 um nauðsynlegar breytingar sem gera þarf á reglugerð um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum nr. 973/2000. Með breytingu á búvörulögum var ákveðið að flytja umsjón með vatnsveitustyrkjum til Matvælastofnunar 1. janúar 2016. Lögð voru fram fyrstu drög að nýrri reglugerð til kynningar og jafnframt bent á að uppfæra þurfi samninginn við Bændasamtökin þar sem umsýslukostnaðurinn flytjist máli samkvæmt til Matvælastofnunar.

6. Almennar húsaleigubætur

Lagt var fram til kynningar yfirlit dags. 1. janúar 2016 yfir áætlað ráðstöfunarfjármagn sjóðsins vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta 2015. Rætt var um það að mögulega gæti endanleg greiðsluprósentu vegna almennu húsaleigubótanna endað í 67,4%.

7. Framlög til sérstakra verkefna

Lagt var fram bréf ráðgjafarnefndar um rafrænar kosningar dags. 14. desember 2015 þar sem þess er farið á leit við ráðgjafarnefnd sjóðsins að veita nauðsynlegum fjármunum til verkefnis um rafrænar kosningar sbr. 11. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010, ásamt minnisblaði þar að lútandi. Nokkur umræða hófst í kjölfarið um hlutverk og aðkomu Jöfnunarsjóðs að slíku verkefni. Rætt var um nauðsyn þess að skerpa á vinnureglum í tengslum við 11. gr. þar sem umsóknum hefur fjölgað mjög hvað umrædda grein varðar.

Nefndin lagði til að málinu yrði frestað til næsta fundar. Ákveðið var að afla frekari upplýsinga frá ráðgjafarnefnd um rafrænar kosningar um m.a. hlutverk og skipan nefndarinnar. Jafnframt var ákveðið að óska eftir upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um það hvort þeir hefðu mótað heildræna stefnu fyrir sveitarfélögin hvað rafræna stjórnarsýslu varðar og óska jafnframt eftir afstöðu þeirra á mögulegri aðkomu, hlutverki og fordæmisgildi Jöfnunarsjóðs í umræddu máli.

Lagt var fram erindi Vesturbyggðar dags. 10. desember 2015 þar sem óskað er eftir fjárstuðningi við gerð handbókar og verklagsreglna um íbúalýðræði sbr. f. lið 7.gr. reglugerðar nr. 960/2010, ásamt minnisblaði þar að lútandi.

Nefndin lagði til að málinu yrði frestað til næsta fundar.

8. Efling tónlistarfræðslu

Lögð var fram greinargerð með frumvarpi til fjárukalaga varðandi tónlistarnám á vegum sveitarfélaga en þar kemur m.a. fram skilyrði fyrir úthlutun 60 m.kr. viðbótarframlaginu sem sjóðurinn fær á grundvelli fjárukalaga, ásamt minnisblaði þar að lútandi.

Nefndin lagði til að óskað yrði eftir tillögu Reykjavíkurborgar um skiptingu 60 m.kr. framlagsins til tónlistarskóla borgarinnar sem hafa safnað skuldum umfram ramma Jöfnunarsjóðs. Að þeim tillögum fengnum og að höfðu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði ráðgjafarnefnd tillögu til ráðherra um úthlutun framlagsins.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS

9. Endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins 2016

Lögð voru fram drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2016 vegna yfirfærslu grunnskólans.

Nefndin samþykkti drögin um greiðslu- og rekstraráætlun 2016.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

10. Sérstök viðbótarframlög 2015

Lagt var fram erindi Byggðasamlags Vestfjarðar um málefni fatlaðs fólks dags. 29. desember 2015 þar sem óskað er eftir skriflegum útskýringum sjóðsins á lækkun viðbótarframlagsins til svæðisins og á framkvæmd endurmatsins á almenna framlaginu fjárhagsárið 2015 vegna þjónustu við fatlað fólk, ásamt minnisblaði þar að lútandi. Nefndarmenn viðruðu nokkra þætti sem mögulega gætu útskýrt fjárhagsvanda Byggðasamlagsins.

Starfsmanni sjóðsins var falið að svara erindinu.

11. Innra eftirlit með þjónustu við fatlað fólk

Lagt var fram erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 6. janúar 2016 þar sem óskað er eftir aðkomu sjóðsins að kostnaði vegna innra eftirlits með þjónustu við fatlað fólk sem samráðshópur Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur staðið að allt frá árinu 2014, ásamt minnisblaði þar að lútandi. Óskað er eftir framlagi að upphæð rúmlega 4,9 m.kr. vegna tilfallins kostnaðar á fjárhagsárinu 2015.

Nefndin samþykkti framlag að upphæð 4.991.147 kr. að því gefnu að SSH gæfi út skýrslu ásamt matslistum sem nýtast mættu öðrum sveitarfélögum við innra eftirlit málaflokksins.

12. Drög að nýrri reglugerð vegna ársins 2016

Lögð voru fram til kynningar drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016, ásamt minnisblaði þar að lútandi. Fjallað var um helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá síðustu drögum.

Nefndin var sammála um að samþykkja drögin eftir að hafa fengið umsögn Sambandsins á reglugerðinni. Nefndin lagði til að byrja strax á næsta fundi að undirbúningi reglna vegna framlaga næsta árs.

13. Endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins 2016

Lögð var fram til kynningar greiðslu- og rekstraráætlun 2016 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks.

Nefndin samþykkti endurskoðaða greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins fyrir árið 2016 með fyrirvara um breytt framlag til Reykjadal. Framlagið sem átt er við fellur undir yfirfærsluna og mun verða endurskoðað við endurnýjun samkomulags um rekstur sumardvalarheimilisins en endurnýjunin er háð starfsleyfi ásamt fjárhagslegri úttekt á sumardvalarheimilinu sem beðið er eftir.

14. Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk

Lagt var fram erindi Reykjavíkurborgar dags. 16. desember 2015 þar sem óskað er eftir skilgreiningu á því hvernig framlögin eru ákveðin hverju sinni vegna barna sem vísað er til í skýrslu velferðarráðuneytisins frá nóvember 2013, ásamt minnisblaði þar að lútandi. Jafnframt er óskað eftir aðgreiningu þeirra framlaga sem falla undir sérstaka ákvörðun. Gerð var nánari grein fyrir því að þar sem útreikningur framlagsins tæki mið af þjónustuþörf hins fatlaða skv. SIS-mati en ekki tegund fötlunar væri nokkuð snúíð að svara erindinu. Minnst var á næstu reglugerð og hverju þyrfti að huga að í því sambandi.

Starfmanni sjóðsins var falið að svara erindinu.

15. Samkomulag um millifærslu fjármuna vegna atvinnumála fatlaðra

Lagt var fram til kynningar samkomulag um atvinnumál fatlaðs fólks dags. 14. janúar 2016 en þetta er verkefni sem óleyst var við yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga árið 2011, ásamt minnisblaði þar að lútandi. Vinnumálastofnun tekur við verkefninu og mun Jöfnunarsjóður taka að sér að greiða Vinnumálastofnun mánaðarlegt framlag vegna verkefnisins sem fer af óráðstöfuðum tekjum sjóðsins.

16. Rekstrarráðgjöf – Beiðni um styrk

Lagt var fram erindi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks dags. 17. desember 2015 þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði til kaupa á ráðgjöf vegna erfiðrar fjárhagslegrar stöðu svæðisins.

Nefndin lýsti vilja sínum til að styrkja byggðasamlagið þar sem þeir hafi tekið tilmælum um að hagræða í rekstri á svæðinu. Áður en endanleg ákvörðun nefndarinnar um framlag liggur fyrir verði rekstrarleg úttekt byggðasamlagsins að liggja fyrir. Jafnframt var ákveðið að starfsmaður sjóðsins skrifi velferðarráðuneytinu bréf til að kanna hvort ráðuneytið hyggist styrkja verkefnið.

17. Reykjadalur orlofs- og helgardvalir

Lagt var fram minnisblað dags. 20. janúar 2016 vegna fjármögnunar á starfseminni í Reykjadal árið 2016. Í minnisblaðinu kemur fram að um sé að ræða viðbótarframlag umfram hina venjubundnu fjármögnun sem verið hefur á starfseminni síðustu ár en þar falli hún annars vegar undir yfirfærslu á málefnum fatlaðra og hins vegar undir tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna samkomulagsins um tónlistarskólanna. Í minnisblaðinu kemur fram að möguleg aukin þátttaka sjóðsins myndi þurfa að falla undir yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks í samkomulaginu.

Nefndin lýsti vilja sínum til að styrkja starfsemi Reykjadals en áður en endanleg ákvörðun verði tekin verði bæði starfsleyfi og fjárhagsleg úttekt á rekstri starfseminnar í Reykjadal að liggja fyrir.

18. Önnur mál

Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri á skrifstofu mannréttinda og sveitarfélaga gerði grein fyrir þeim helstu breytingum sem í vændum væru þar sem forstöðumaður sjóðsins Elín Pálsdóttir léti af störfum þann 1. febrúar nk. Hann upplýsti um nokkrar veigamiklar breytingar sem munu eiga sér stað í kjölfarið. Ný staða verður auglýst, bókhald, uppgjör og greiðslur sjóðsins færast til fjársýslu ríkisins, verkefni færast til á milli núverandi starfsmanna og muni Guðni Geir Einarsson verða teymisstjóri Jöfnunarsjóðsins.

Sérstakt framlag vegna bankaskatts

Lagt var fram minnisblað dags. 20. janúar 2016 ásamt excellskjali þar sem mögulegar leiðir voru dregnar upp til dreifingar á fjármagni því sem sjóðurinn hefur til umráða vegna bankaskattsins. Önnur leiðin væri í gegnum útgjaldajöfnunarframlagið en hin væri í samræmi við álagningarstofn útsvars. Mjög skiptar skoðanir eru um aðferðarfræði þá sem kemur fram í frumvarpi um sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna bankaskatts og ræddi nefndin þessi tvö sjónarmið en umsagnir til upplýsingar og umræðu voru lögð fram frá stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, samþykkt dags. 11. janúar 2016 og frá Sveitarfélaginu Skagafirði dags. 18. janúar 2016.

Sérstakt svæði fyrir ráðgjafarnefnd

Rætt var um breytt fyrirkomulag vegna fundargerða og nefndarkerfi stjórnarráðsins kynnt sem ráðgjafarnefndin hefur nú fengið aðgang að.

Næstu fundir

Næsti fundur nefndarinnar var ákveðinn fimmtudaginn 11. febrúar nk. kl. 13:30 eða 14:00.

Jafnframt var ákveðið að stefna að fundi þann 18. mars nk. og hafa í leiðinni kveðjuhóf fyrir forstöðumann sjóðsins, sem lætur af störfum þann 1. febrúar nk.

Fundi var slitið kl. 14:00.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson